

Nd.

**212. Frumvarp til laga**

[114. mál]

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Bjarnason.

**1. gr.**

2. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Ekkill eða ekkja öðlast rétt til sama hluta af þeim lífeyri, sem alþingismaðurinn hefði öðlast, ef hann hefði verið á lífi við gildistöku laganna eða fullnægt skilyrðum 7. gr., áður en hann lézt.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og lög þessi hefðu öðlast gildi 1. janúar 1954.

**Greinargerð.**

Við ákvörðun á lífeyri ekkna samkvæmt lögum nr. 84 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., kom í ljós, að fjórar ekkjur fyrrv. alþingismanna öðluðust ekki rétt til lífeyris samkvæmt þeim, vegna þess eins, að hinir látnu fyrrv. alþingismenn fullnægðu ekki aldursskilyrði 7. gr. laganna. Þeir voru yngri en 65 ára, er þeir létust, og hefðu ekki náð þeim aldri við gildistöku laganna, þó að þeir hefðu lifað svo lengi. Ekkja öryrkja nýtur lífeyris samkvæmt lögnum án tillits til aldurs hans, er hann fellur frá. Stjórn lífeyrissjóðs alþingismanna hefur rætt þetta mál og talið eðlilegast, að sama gildi almennt, er fyrrv. alþingismaður fellur frá, þ. e., að ekkjan fái lífeyri án tillits til aldurs hins látna, að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna um þingsetu tilskilinn fjölda ára eða kjörtímabila.

**Um 1. gr.**

Breyting sú á 11. gr. laganna, sem hér er lagt til að gerð verði, miðar að því að tryggja ekkju eða ekkli þann rétt, er að framan er minnt á.

**Um 2. gr.**

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Rétt þykir, að ekkjur þær, sem öðlast rétt til lífeyris samkvæmt 1. gr. frv., verði eins settar og ef þetta ákvæði hefði verið í lögum frá upphafi.